

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni 18. nóvember kl. 20

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Magnús Jósefsson ritari, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Ólafur Einarsson og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Sigbjörn Björnsson boðaði forföll.

Kristinn Guðnason setti fundinn. Aðalefni þessa fundar var að **undirbúa aðalfund** og hófst hann á yfirferð á ársskýrslu, dagskrá, starfsmönnum fundar og nefndarformönnum.

Stjórn leggur tvö mál fram til umræðu/ályktunar á fundinum, annars vegar hugsanlega aðild ferðapjónustubænda að félaginu sem sett verður til umræðu í allsherjar- og markaðsnefnd og svohljóðandi ályktun um málefni Söguseturs íslenska hestsins:

Ályktun:

Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu 19. nóvember 2010 hvetur mennta- og menningarmálaráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið til að gera samkomulag við Sögusetur íslenska hestsins um að það þjóni hlutverki alþjóðlegrar miðstöðvar rannsókna, fræðslu og heimilda um sögu íslenska hestsins. Samhliða tryggi fyrrgreind ráðuneyti rekstur setursins til framtíðar og að það njóti þess stuðnings sem þarf til að fyrrgreindum verkefnum séu sinnt með sóma.

Greinargerð:

Íslenski hesturinn er hluti af menningararfi þjóðarinnar og sögu hans ber að varðveita og miðla svo sæmd sé af fyrir íslenska þjóð. Hesturinn var um aldir þarfasti þjóninn; samgöngur, flutningar og landbúnaður byggðu á þjónustu hans. Einnig er svo komið að okkar fyrrum þarfasti þjónn er óumdeilanlega vinsælasti fulltrúi landsins á erlendri grundu. Hann er ræktaður og alinn í 20 þjóðlöndum, rúmlega 60 þúsund félagar eru í Íslandshestamannafélögum erlendis og þrisvar sinnum fleiri íslenskir hestar eru erlendis en á Íslandi. Nú er svo komið að Íslendingar eru í samkeppni við aðrar þjóðir þegar kemur að íslenska hestinum og atvinnugreinum hestamenskunnar. Þá er afar brýnt er að minna sífellt á að Ísland er upprunaland íslenska hestsins og er Sögusetrið einstakur vettvangur til þess.

Að uppbyggingu Söguseturs íslenska hestsins hefur verið unnið ótullega síðastliðin ár, þrátt fyrir takmarkaða fjármuni. Þáttaskil urðu starfsemi Setursins um miðjan ágúst 2010, er opnuð var glæsileg sýning á Hólum um íslenska hestinn sem er fyrsti áfangi af þremur í uppbyggingu fastrar sýningar um hestinn. Setrinu hafa einnig verið færð merkileg ljósmyndasöfn um íslenska hestinn, miklar bókaþjafir og fjölmargir munir. Tryggja þarf starfsemina til að sú uppbygging sem þegar hefur átt sér stað nái að blómstra og þjóna sögu og framtíð íslenska hestsins hérlandis sem erlendis. Félag hrossabænda minnir jafnframt á að landsmót hestamanna verður haldið í Skagafirði á komandi sumri og þar mun Sögusetrið gegna lykilhlutverki við kynningu á sögu hestsins og í afþreyingarferðapjónustu á svæðinu. Mikilvægt er því að gengið sé til þessara samninga sem fyrst og starfsemi setursins tryggð til framtíðar.

Ályktun þessi verði lögð inn í allsherjar- og markaðsnefnd.

Hulda kynnti bréf frá Járningamannafélagi Íslands þar sem óskað er eftir stuðningi til farar á stofnfund samtaka járningamanna á Norðurlöndum. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 50.000.-

Því næst kynnti Eypór reikninga félagsins fyrir árið 2009 og drög að fjárhagsáætlun. Stjórnarmenn fóru í gegnum áætlunina og gengu frá endanlegri útgáfu hennar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 23.

HGG/hgg